

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
hvin@hvin.is
Sent á Samráðsgátt

Selfossi, 29. ágúst 2022

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar, mál nr. 107/2022

Stjórn Ljósmyndarafélags Íslands hefur tekið til umfjöllunar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar, mál nr. 107/2022. Þar er lagt til að 17 iðngreinar verði felldar brott af lista yfir löggiltar iðngreinar, þar af verði átta iðngreinar felldar undir aðra samkynja iðngreinar. Segir í athugasemdum við reglugerðardrögin að lagt sé til að sérgreinarnar almenn ljósmyndun og persónuljósmyndun verði sameinaðar undir yfirheitinu ljósmyndun þar sem þær séu ekki lengur kenndar sem sérgreinar hér á landi. Vísað er til þess að í gildandi námskrá sé aðeins boðið upp á nám í ljósmyndun.

Í okkar grein, ljósmyndun, hafa orðið töluverðar breytingar síðastliðin ár, bæði á iðngreininni sjálfri og útgefnum sveinsprófum. Ljósmyndun greinist gróft á litið í tvö svið, þ.e. ljósmyndatöku í ljósmyndaveri og myndatöku á vettvangi, sem hvort um sig kallar á sérþekkingu og ólíka nálgun. Svo má ennfremur skipta ljósmynd í undirgreinar eftir viðfangsefnum svo sem persónuljósmyndun, fréttaljósmyndun og iðnaðar- og auglýsingaljósmyndun. Eru því ekki lengur forsendur til að miða eingöngu við tvær undirgreinar ljósmyndunar, líkt og gert er í núverandi reglugerð um löggiltar iðngreinar og eru framangreindar undirgreinar ljósmyndunar kenndar í einni grein, ljósmyndun, og gefið út sveinsbréf til samræmis. Felur því umrædd tillaga að reglugerðarbreytingu í sér rökrétta breytingu í takt við framangreinda þróun.

Á sama tíma og við mótmælum ekki reglugerðarbreytingunni hjá okkar grein tókum við heilshugar undir umsögn Samtaka iðnaðarins. Það er mikilvægt að hafa faglegar og öruggar forsendur við breytingar sem þessar sem unnar eru í góðu samstarfi við alla aðila sem þær hafa áhrif á. Samtök iðnaðarins eru í góðu sambandi við sín iðnfélög, og þar með iðnmenntun í þeim greinum, og því mikilvægur hlekkur fyrir stjórnvöld í slíku samstarfi. Við hvetjum ráðherra því til að afturkalla þessa reglugerðarbreytingu og endurskoða málið í góðu samstarfi við SI og starfshóp ráðherra um endurskoðun laganna.



LJÓSMYNDARAFÉLAG
ÍSLANDS

Virðingarfyllst,

Laufey Ósk Magnúsdóttir

Laufey Ósk Magnúsdóttir,

Ljósmyndari og forkona Ljósmyndarafélags Íslands.